

1874.

27. febrúar.

13. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um aðgjörð á landshöfðingjahúsinu.

Með bréfi, dagsettu 5. desbrm. f. á., hafið þér, herra landshöfðingi, sent hingað reikning yfir kostnaðinn við aðgjörð þá á landshöfðingjahúsinu, sem fram fór á árinu sem leið, og hafið þér stungið uppá, að greiða megí það fê, sem varið hefir verið til þessa fram yfir það, sem ætlaðt var á, og sem er 127 rd. 28 sk., af þeirri upphæð, sem ætluð var til óvissra útgjalda á reikningsárinu, sem leið; jafnframt getið þér þess, að eigi sè enn lokið við aðgjörðina á hliðinu, en til þess voru ætlaðir 40 rd.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið leyfir, að taka megí fyrnefndar upphæðir, sem samtals eru 167 rd. 28 sk. af því fê, sem ætlað er til óvissra útgjalda á yfirstandandi reikningsári, og sem yður eru fengin ráðin yfir, með því jarðabókarsjóðs-reikningurinn er miðaður við 31. desbrm. f. á., og verður því eigi þessi kostnaður greiddur af þeirri upphæð, sem ætlað var til óvissra útgjalda á reikningsárinu, sem liðið er, enda er þegar búið að verja öllu því fê.

27. febrúar.

14. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um lækkun á jarðarafgjöldum.

Með bréfi, dagsettu 29. nóvbrm. f. á., hafið þér, herra landshöfðingi, sent hingað skoðunargjörð yfir jarðirnar Eystri-Lynga, Fagradal, Nýjabæ og Efri-Steinsmýri, sem heyra undir Kirkjubæjar og Þykkvabæjar-klausturs góz, og hafið þér mælt fram með því, samkvæmt uppástungu hlutaðeiganda umboðsmanns, að landsetum á þessum jörðum verði veitt sú lækkun á afganginu af jörðunum, sem hér skal getið:

1. Landsetanum á Eystri-Lyngum, Ólafi Sveinssyni, veitist enn fremur um þrjú hin næstu ár sú linun, sem honum var veitt

1874.

27. febrúar.

með bréfi stjórnarráðsins 28. nóvbr. 1871¹ fyrir 2 ár um 20 álnir af landskuldinni, sökum þess að jörðunni fer hnignandi ár frá ári bæði að slægjum og beitilandi til, vegna áfalla af sandfoki og vatnagangi.

2. Landsetanum í Fagradal (sem eigi er nefndur til nafns) gefist upp hálf landskuldin til 1874, eða 20 álnir, þannig, að hver alin af öðrum helmingnum sæ talin 8 sk. virði, en af hinum helmingnum hvert álnarvirði eptir meðalverði allra meðalverða, sökum þess að hann hefir varið 30 dagsverkum til þess að ryðja birt skriðu, er hlaupið hafði í túnið;

3. Landsetanum á Nýjabæ, Sverri Magnússyni, veitist ennfrémur um þrjú hin næstu ár linun sú, sem veitt var með bréfi stjórnarráðsins 28. nóvbr. 1871 fyrir 2 ár, um 20 álnir á ári hverju, þannig, að hver alin af öðrum helmingnum sæ talin 8 sk. virði, en af hinum hvert álnarvirði talið eptir meðalverði verðlagsskrárinnar á ull, smjöri og tólg.

4. Landsetunum á Efri-Steinsmýri, Eyjólf Pálssyni, Páli Þórhallasyni, Birni Hávarðssyni, og Hjörleifi Ásmundarsyni, veitist hverjum um sig 10 álna lækkun í jarðarafgjaldinu um 3 hin næstu ár; skal lækkun þessi talin á sama hátt og landskuldin, að því leyti er snertir Eyjólf Pálsson, og hver alin af öðrum helmingnum talin 8 sk. virði, en af hinum helmingnum hvert álnarvirði eptir meðalverði verðlagsskrárinnar á ull, smjöri og tólg, en linun sú, sem veitt er hinum, er á þá leið, að hver alin af öðrum helmingnum sæ talin 8 sk. virði, en af hinum helmingnum hvert álnarvirði eptir meðalverði allra meðalverða.

Útaf þessu gefum vèr yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að stjórnarráðið leyfir eptir mála-vöxtum, að tæðum leiguliðum verði veitt sú linun á jarðarafgjaldi þeirra, sem stungið er uppá.

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, II, 616.